



## Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands

Haldinn þann 16. maí 2024 kl 17:00-19:00 í húsnæði Hjálpræðishersins að Suðurlandsbraut 72, 108 Reykjavík.

Fundarstjóri: Skúli Skúlason

Fundarritari: Hrefna Sigurjónsdóttir

Úr stjórn: Mætt voru Linda Karen Gunnarsdóttir formaður, Liselotte Widing meðstjórnandi, Sigursteinn R. Másson meðstjórnandi og Hrefna Sigurjónsdóttir ritari. Fjarverandi voru Anna Berg Samúelsdóttir meðstjórnandi og fulltrúi DÍS í fagráði MAST og Marietta Maissen gjaldkeri.

Alls voru fundarmenn 12.

### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Ársskýrsla stjórnar.
3. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Dýraverndari ársins 2023.
5. Kjör ritara, gjaldkera og meðstjórnenda.
6. Kjör skoðunarmanns reikninga úr hópi annarra en stjórnarmanna.
7. Félagsgjöld og nýir félagar til samþykktar.
8. Önnur mál.

Aðalfundi slitið og boðið upp á léttar veitingar frá Kastalakafti.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður, *Linda Karen Gunnarsdóttir*, setti fundinn og lagði til að *Skúli Skúlason*, líffræðingur og fyrrverandi rektor í Hólaskóla yrði fundarstjóri og *Hrefna Sigurjónsdóttir* ritari DÍS yrði fundarritari og var það samþykkt.

### 2. Ársskýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf formanni orðið og flutti hún ársskýrslu stjórnar sem er viðamikil og endurspeglar það að nóg var um verkefni. Vísað er í skýrsluna á heimasíðu félagsins [dyravernd.is](http://dyravernd.is) og ekki fjallað um inntak hennar hér - einungis bent á að mikill tími fór í að bregðast við skorti á eftirliti með velferð búfjár af hendi Matvælastofnunar og öðrum aðilum sem er málið skylt. Eins og formaðurinn sagði þá er staðan í málaflokki dýravelferðar háalvarleg þegar kemur að dýrum í neyð (sjá ályktun sem var borin upp undir 8. lið).

Umræða um skýrsluna urðu þónokkrar – *Sigursteinn R. Másson*, meðstjórnandi DÍS þakkaði Lindu formanni sérstaklega fyrir mikla vinnu fyrir félagið en sagði að þörf fyrir launaðan starfsmann væri mjög mikil og það yrði að leggja alla áherslu á að bæta fjárhag félagsins til að unnt væri að bæta úr því ástandi. *Hallgerður Hauksdóttir*, fyrrverandi formaður DÍS tók undir mikilvægi þess að geta launað fyrir vinnu fyrir félagið – sagði að sjálfsagt væri að stjórnarmenn og formaður fengju laun og það væri ekki nauðsynlegt að hafa starfsmann. Sigursteinn var ekki sammála og benti á að það

byði hættunni á spillingu heim. Hallgerður benti á að 2 milljónir króna sem DÍS gæti sótt um liggja í ráðuneyti – aðspurð um hvaða ráðuneyti benti hún á að fyrrum formaður DÍS, Ólafur Dýrmundsson, myndi vita það. Vakin var athygli á því að Dýrahjálpi fái styrk frá matvælaráðuneyti. *Liselotte Widing* meðstjórnandi benti á að það sé ekki aðeins fjárskortur sem sé takmarkandi fyrir starfseminna heldur sé tímaskortur stjórnarmanna oft til staðar. Hún benti á að það sé ekki sjálfsagt að taka úr sjóðum félagsins fyrir reglulegar launagreiðslur. Óábyrgt hefði verið að ráða starfsmann án þess að vera með nægilegar tekjur fyrir launagreiðslur, eins og var raunin sl. ár þegar húsnæðiskostnaðurinn var að sliga félagið. Þess vegna er mikilvægt að leita allra leiða til að ávaxta það fé á eins öruggan hátt og unnt er. *Hrafnhildur Þorsteinsdóttir* tók undir þakkir til formanns. Að lokum tók *María Lilja Tryggvadóttir* sem er í framboði til stjórnar til máls og benti á að félagið þyrfti að vera sýnilegra á samfélagsmiðlum til að ná betur til unga fólksins (t.d. með stuttum myndböndum).

### 3. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar

Formaður DÍS fór yfir ársreikninga ársins 2023. Þeir eru reikningar fyrir sambandið sjálft, Dýraverndarsamband Íslands, og sjóðina sem eru eign félagsins og í vörslu þess: Sólskríkjusjóðurinn, Minningarsjóður Peders J. Steffensen, Sauðfjárverndin, og Tækjakaupasjóðurinn Dýrin mín stór og smá. Tekjur ársins 2023 voru meiri en árið áður sem skýrist mest af meiri styrkjum og lægri rekstrarkostnaði. Engar athugasemdir voru gerðar við reikningana og þeir samþykktir einróma. *Arndís Björg Sigurgeirsdóttir* beindi því til stjórnar að huga að því að fækka reikningum sambandsins, en *Liselotte* benti á mikilvægi þess eigi að síður hafa þá hjá nokkrum bönkum. Einnig þyrfti að gæta betur að því en áður að ávaxta féð vel, sérstaklega nú þegar húsnæðið hefur verið selt (sjá ársskýrslu). Hallgerður lýsti þeirri skoðun sinni að það væri hlutverk DÍS að nota féð til starfseminnar. Formaður DÍS tók undir það en það yrði að vera gert skynsamlega. *Undirrituð* lagði það til að hluti Sólskríkjusjóðs yrði notaður til að búa til myndband þar sem yngri kynslóðin yrði frædd um líf fugla, mikilvægi þeirra fyrir vistkerfin og ljóðlist þeim tengdum.

### 4. Dýraverndari ársins 2023

Búið var að tilkynna áður að *Arndís Björg Sigurgeirsdóttir* hlyti viðurkenningu sambandsins þetta árið. Hún er fráfarandi formaður og stofnandi dýraverndunarfélagsins Villikatta. *Arndís Björg* hefur unnið ötult og ómetanlegt starf í að bjarga lífi hundruð villi- og vergangskatta undanfarin tíu ár og er sannarlega vel að viðurkenningunni komin! Lesin var upp greinargerð stjórnar og rök fyrir valinu. Síðan var henni afhent innrammað skírteini og blómvöndur. *Arndís* þakkaði fyrir sig með ávarpi.

### 5. Kjör ritara, gjaldkera og meðstjórnenda

Úr stjórn gengu ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hafði auglýst framboð í öll þessi embætti og barst eitt framboð í hvert embætti. Sjá má kynningu á því fólki á heimasíðu DÍS. Þar sem engin önnur framboð höfðu borist voru nöfn þessara aðila lesin upp og öll framboðin samþykkt. Ágúst Ólafur Ágústsson var kosinn ritari til tveggja ára, Þóra Hlín Friðriksdóttir meðstjórnandi til tveggja ára, *María Lilja Tryggvadóttir* gjaldkeri til tveggja ára og sitjandi meðstjórnandi, *Sigursteinn R. Mátsson* sem gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu í sæti meðstjórnanda, til eins árs. Formaður þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum, *Hrefnu Sigurjónsdóttur*, *Mariettu Maissen* og *Liselotte Widing* fyrir sitt góða starf í þágu félagsins og velferðar dýra.

## 6. Kjör skoðunarmanns reikninga úr hópi annarra en stjórnarmanna

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir bauð sig fram til áframhaldandi setu sem skoðunarmaður til tveggja ára og var það samþykkt. Valgerður Árnadóttir sinnir því starfi áfram.

## 7. Félagsgjöld og nýir félagar til samþykktar

Árið 2023 greiddi rúmlega helmingur af skráðum félögum félagsgjöldin og á þessu ári stefnir í að hlutfallið verði svipað. Ákveðið var að halda félagsgjöldunum óbreyttum, þ.e. 3 þúsund kr., eftir stutta umræðu um að e.t.v. ætti að hækka þau. Engin formleg tillaga um slíkt var borin upp. Nýir félagar eru 88 og voru þeir samþykktir í einu lagi. Arndís Björg benti á að biðja ætti bankann sem innheimtir gjöldin að gefa kost á valgreiðslum.

## 8. Önnur mál

- 1) Eitt mál frá stjórn lá fyrir – og kynnti formaður það. Um er að ræða ályktun sem lögð var fram til samþykktar. Ályktunin hljóðar svo:

### Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands, haldinn þann 16. maí 2024, ályktar:

*Það er hlutverk Matvælastofnunar að sjá til þess að lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og tilheyrandi reglugerðum sé framfylgt. Á bæ í Þverárhlið í Borgarbyggð hafa mörg ákvæði reglugerðar 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár greinilega verið brotin í áraraðir og varðar það við refsíábyrgð skv. lögnum. Þrátt fyrir augljós brot eigenda dýranna hefur Matvælastofnun ekki varið velferð umræddra dýra.*

*Það er óviðunandi að Dýraverndarsamband Íslands standi ítrekað í deilum við þá stofnun sem lögum samkvæmt hefur eftirlit með dýravelferð um hvort velferð dýra í ákveðnum málum sé uppfyllt eða ekki, þegar ljóst er að svo er ekki.*

*Fundurinn skorar á stjórnvöld að endurskoða og breyta því fyrirkomulagi sem ríkir um eftirlit með velferð dýra án tafar og að þau sjái til þess að opinberar stofnanir sinni lögbundnum skyldum sínum gagnvart dýrum.*

Fundarmenn samþykktu þessa ályktun en með smá breytingu sem Ágúst Ólafur lagði til sem er að að sleppa númerunum á reglugerðunum og var það samþykkt.

- 2) Hallgerður Hauksdóttir fyrrverandi formaður DÍS kom í pontu og bað um að eftirfarandi texti yrði bókaður:

*Í lögum Dýraverndarsambandsins segir að hlutverk þess sé: „að vinna að bættri velferð dýra og standa vörð um lögvernd þeirra“. Jafnframt segir þar að félagið skuli beita sér með málefnalegum hætti. Velferð dýra er bæði almennt og í íslenskum lögum um dýravelferð skilgreind út frá þekktum eðlislægum þörfum, líffræði og atferli dýranna sjálfra. Trúverðugleiki baráttu um aukna velferð dýra helst í hendur við áreiðanleika þess sem fullyrt er í þágu baráttunnar. Til að vernda trúverðugleika*

*Dýraverndarsambands Íslands í baráttu fyrir aukinni velferð dýra beini ég þeirri tillögu til stjórnar DÍS að miða ávalt við og nota staðreynd gögn byggð á rannsóknarþekkingu á dýrum þegar fjallað er um, eða kröfur gerðar af hálfu félagsins um aukna velferð dýra. Vil ég sérstaklega benda á þetta þegar kemur að umfjöllun um málefni íslenskra stóðhryssna.*

Hallgerður óskaði einnig að þess yrði getið í fundargerð að hún væri mjög ánægð með að núverandi myndmerki (lógó) félagsins sem hún teiknaði fríhendis og gaf DÍS sé notað svo vel og víða. Hugmyndavinnan var unnin í samvinnu við þáverandi stjórn DÍS og stuðst var við hestinn í gamla prentaða Dýraverndaranum til að halda góðum tengslum við rætur félagsins í nýja merkinu.

Engin umræða varð um þennan lið.

**3) Hrafnhildur Þorsteinsdóttir** tók til máls:

Hún vildi vekja athygli á þeirri staðreynd að Matvælastofnun skorti fé til rekstrarins sem birtist m.a. í því að dýraeftirlitsmenn séu allt of fáir. Einnig að starfsmenn þar upplifi mikla pressu frá samfélaginu. Ræddi einnig um hugsanleg hagsmunatengsl sem gætu verið hluta af skýringu á seinum/engum viðbrögðum. Tekið var undir fjárveitingar til MAST væru ekki nægar. Fjárskortur skýri þó ekki mat sumra starfsmanna MAST á líðan dýra sem er af mörgum talin óskiljanleg.

Undirrituð greindi frá því að hún og *Anna Berg Samúelsdóttir* meðstjórnandi í DÍS hefðu nýlega verið á fundi hjá matvælaráðuneyti og ráðuneytinu bent á þessi atriði (hagsmunatengsl og mat á líðan dýranna) auk þess að hvetja ráðuneytið að breyta lögum og reglugerðum um dýravernd sem starfsmenn Matvælastofnunar eiga að fara eftir.

**Að lokum þakkaði formaður fundarstjóra fyrir góða stjórn á fundinum og bauð upp á hressingu. Fundinum lauk um kl 19.**

**Hrefna Sigurjónsdóttir**, fundarritari

## ÁRSSKÝRSLA DÍS

Stjórn DÍS starfsárið 2023-2024 skipuðu Linda Karen Gunnarsdóttir formaður, Hrefna Sigurjónsdóttir ritari, Anna Berg Samúelsdóttir meðstjórnandi, Liselotte Widing meðstjórnandi, Sigursteinn Músson meðstjórnandi og Marietta Maissen gjaldkeri.

Stjórnarfundir voru alls 13 talsins á starfsárinu ásamt 2 vinnufundum stjórnar. Stjórn sinni öllu starfi félagsins í sjálfböðastarfi. Stjórnarfundir voru ýmist haldnir í húsnæði DÍS að Grensásvegi 8 í Reykjavík eða voru rafrænir.

Ákveðið var að leggja áherslu á þrjú mál á árinu; búfjárefirlit, eftirlit með velferð gæludýra og hvalveiðar. Áfram var lögð áhersla á blóðmerahald sem hluti af málefni búfjárefirlits.

Á liðnu starfsári var mest áhersla á búfjárefirlitið. Ljóst er að staðan í málaflokki dýravelferðar er háalvarleg þegar kemur að dýrum í neyð.

### FAGRÁÐ UM VELFERÐ DÝRA

DÍS á fulltrúa í fagráði um velferð dýra sem er Matvælastofnun (MAST) til ráðgjafar í málum er varða dýravelferð. Fulltrúi DÍS er Anna Berg Samúelsdóttir, náttúru- og landfræðingur, sem situr einnig í stjórn DÍS. Rósa Líf Darradóttir læknir og varaformaður Samtaka um dýravelferð á Íslandi er varafulltrúi DÍS í ráðinu.

Mikil vinna fór fram s.l. vor hjá fagráði í tengslum við álit ráðsins á hvalveiðum. Fagráðið vann álit sitt um hvalveiðar að beiðni þáverandi matvælaráðherra og komst að þeirri niðurstöðu að veiðar á stórhvelum með þeim veiðiaðferðum sem nú væru stundaðar væru ómannúðlegar.

Fagráðið fjallaði um mörg önnur mál og gaf leyfi fyrir dýratilraunum, en fulltrúi DÍS lætur þó ávallt bóka við slík leyfi að huga skuli að því að dýr séu ekki hlutir heldur skyni gæddar verur með tilfinningar og sál.

Hægt er að nálgast allar fundargerðir ráðsins inn á vef MAST en þær eru oftast birtar að fundi loknum nema það hafi ekki náðst að samþykkja fundargerð í lok fundar. Alla jafna er gott samtal á fundum fagráðsins þó svo að innan þess séu aðilar úr ólíkum áttum með ólíka sýn á tilvist og tilgang dýrahalds. Allir sem þarna eiga sæti hafa hingað til sýnt samstarfsvilja og skilning á ólíkum skoðunum.

Framundan er hjá ráðinu vinna við hin ýmsu mál, og eru öll hvött til að fylgjast með fundargerðum og koma með ábendingar um mál og eða það sem betur má fara í málavinnu ráðsins með því að senda inn ábendingar til Dýraverndarsambandsins.

## STARF DÍS Í MÁLEFNUM DÝRAVELFERÐAR BÚFJÁREFTIRLIT

Stjórn DÍS ákvað haustið 2022 að láta skoða reynslu af eftirliti með velferð búfjár. Í kjölfar alvarlegs dýravelferðarmáls á Vesturlandi þar sem dýr voru í neyð sökum vanhalda og langvarandi innlokunar mat stjórn að nauðsynlegt væri að rýna það eftirlit sem á að verja velferð dýra hér á landi og í kjölfarið benda á leiðir til úrbóta.

Stjórn fól Ágústi Ólafi Ágússyni, lög- og hagfræðingi, að vinna slíka úttekt fyrir sambandið ásamt því að skoða beitingu viðurlaga, fjölda kæra og afdrif þeirra í réttarkerfinu. Skýrslan var kynnt á vel sóttu málþingi í Öskju þann 14. mars 2023. Í ávarpi sagði Svandís Svavarsdóttir þáverandi matvælaráðherra það sína skoðun að atvinnuvegir sem ekki geta tryggt velferð dýra eigi sér ekki framtíð í nútímasamfélagi.

Alls lagði skýrsluhöfundur fram 17 umbótatillögur, sem meðal annars gera ráð fyrir fjölgun dýraeftirlitsaðila og hertari aðgerðum gagnvart þeim sem uppvísir verða að því að brjóta lög um dýravelferð. Megin niðurstaða skýrsluhöfundar var sú að leggja til að eftirlit með dýravelferð verði tekið út úr Matvælastofnun (MAST) og komið fyrir í sérstakri Dýravelferðarstofu undir umhverfisráðuneyti eða í stofnun sem hefur með náttúruvísindi og náttúruvernd að gera.

Tillögum skýrslunnar hefur m.a. verið fylgt eftir í umsögnum DÍS um lagafrumvörp á starfsárinu og á fundum með Matvælastofnun og matvælaráðuneyti.

## UNDIRSKRIFTASÖFNUN - EKKERT DÝR Á AÐ ÞJÁST

Stjórn DÍS hefur miklar áhyggjur af stöðu eftirlits með velferð dýra. Hér á landi gerist það að dýr séu látin þjást á meðan mál eru í ferli hjá yfirvöldum. Það er með öllu óviðunandi að dýr þjást svo vikum og jafnvel árum skiptir.

Ákveðið var að skora á stjórnvöld að bæta eftirlit með velferð dýra. Einnig fól áskorunin í sér að lagarammi yrði endurskoðaður sem fyrst og að stofnanir myndu sinna lögbundnum skyldum sínum gagnvart dýrum.

Í mars stóð sambandið fyrir undirskriftasöfnun í samstarfi við TAKK sem bar yfirskriftina *Ekkert dýr á að þjást*. Vakin var athygli á undirskriftasöfnuninni með grein í fjölmiðlum ásamt fjölda auglýsinga á samfélagsmiðlum. Yfir 3.600 undirskriftir bárust. Formaður DÍS afhenti forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni, undirskriftirnar þann 6.mái síðastliðinn og kvaðst hann mundu fylgja málinu eftir.

## MÁL Í BORGARBYGGÐ VARÐANDI VELFERÐ SAUÐFJÁR

Í fjölda ára hafa yfirvöldum borist tilkynningar vegna sauðfjár í alvarlegum vanhöldum á bæ í Þverárhlið án þess að aðbúnaður dýranna breytist. Vorið 2023 vakti dýravínurinn og dýraverndari DÍS árið 2022, Steinunn Árnadóttir, athygli á þessu máli.

Nú í vor er ástand dýranna óbreytt og málið sagt vera í ferli af hálfu MAST. Stjórn DÍS sendi bréf nú í vor til stofnunarinnar og til sveitarfélagsins Borgarbyggðar sem ber ábyrgð á því að smala ágangsfé. Féð frá bænum gengur meira og minna laust og er þá að bera án eftirlits sem er lögbrot. Engin svör bárust. Í kjölfarið sendi DÍS frá sér ákall til yfirvalda að bregðast við í máli dýranna sem eru í sárri neyð. Viðbrögð forstjóra MAST í kjölfarið þann 8. maí voru á þá leið í fjölmiðlum að stofnunin meti það svo að málið væri ekki þess eðlis að það réttlætti víðtækara inn grip, þ.e. vörslusviptingu. Jafnframt væri það mat stofnunarinnar að umrædd dýr væru ekki að beinlínis að þjást.

Formaður DÍS birti grein daginn eftir, fór að umræddum bæ og veitti fjölmiðlum viðtal í beinni útsendingu þar sem hörmulegur aðbúnaður dýranna var sýndur. Stjórn DÍS sendi jafnframt kvörtun til umboðsmanns Alþingis um vinnubrögð stofnunarinnar og sveitarfélagsins í málinu sem eru óviðunandi. Velferð dýranna er ekki varin. Svar hefur borist frá skrifstofu umboðsmanns um að málið muni verða tekið fyrir.

Það er háalvarlegt að MAST, sem fer með eftirlit með dýravelferð í landinu, meti það svo að dýr sem hafi dáið í þessum aðstæðum, eru deyjandi eða veik líði ekki þjáningar.

## BLÓÐMERAHALLD

Þýsk- svissnesku dýraverndarsamtökin AWF/TSB höfðu samband við DÍS s.l. vor vegna undirskriftalista gegn blóðmerahaldi. Sambandinu var boðið að styðja undirskriftasöfnunina ásamt fjölda annara félagasamtaka. Listinn var kynntur í kjölfarið á heimasíðu, samfélagsmiðlum og í pósti til félaga í DÍS. Í dag hafa yfir 7.000 undirskriftir safnast.

Í júlí fékk DÍS áreiðanlegar ábendingar um að mun fleiri hryssur hafi drepist í tengslum við blóðtöku sumarið 2022 en tilkynnt var til yfirvalda. Ein helsta orsök þessa væri talin reyndluleysi erlendra dýralækna á vegum Ísteka e.h.f. sem kom m.a. fram í því að stungið var á barka einnar hryssu í blóðtöku og hryssan hafi verið látin blæða út í stað þess að vera aflífuð eins og skal gera skv. lögum. Stjórn DÍS fór í kjölfarið fram á tafarlausa stöðvun á blóðtöku úr fylfullum hryssum og að öll frávik yrðu rannsökuð af hálfu yfirvalda.

Þáttastjórnendur Kveiks á RÚV höfðu samband við DÍS vorið 2023 í tengslum við vinnslu þáttar um blóðmerahaldið. DÍS átti fund með þáttastjórnendum síðsumars og aðstoðaði þá á ýmsan hátt. Þátturinn var sýndur í febrúar síðastliðnum og varpaði ljósi á þessa starfsemi.

## HVALVEIÐAR

Dýraverndarsambandið hvatti vorið 2023 til þess að hvalveiðum yrði hætt í eitt skipti fyrir öll við Ísland. Áður hefur DÍS ítrekað ályktað í svipaða veru. Nú var það gert með ályktun sem gerð var opinber í framhaldi af niðurstöðu eftirlitsskýrslu MAST fyrir veiðitímabilið 2022 þar sem fram kom að dauðatími langreyða var of langur í allt að þriðjungi tilfella. Í ályktuninni var lögð á það áhersla að hvalveiðibann yrði varanlegt. Þá hefur DÍS lagt áherslu á að lögum um hvalveiðar frá 1949 verði annað hvort breytt verulega eða þau afnumin úr íslenskrum löggjöf. Á fundum með ráðherra og embættismönnum matvælaráðuneytisins var þetta sjónarmið áréttað.



Dýraverndarsambandið studdi eindregið reglugerð matvælaráðherra frá því 11. ágúst 2022 sem gerir ráð fyrir stórauknu eftirliti með hvalveiðum. Það aukna eftirlit skilaði sér í því að loks var staðfest og sannað með óyggjandi hætti síðastliðið vor að stór hluti veiðanna stæðist ekki lög um velferð dýra. Þannig hefur DÍS, og aðrir hópar sem berjast gegn hvalveiðum, nú mikilvægt vopn í baráttunni.

DÍS studdi álit fagráðs um velferð dýra frá því í byrjun júní 2023 um að engin þekkt leið væri til þess að drepa svo stór dýr í hafinu. Sömuleiðis studdi DÍS ákvörðun matvælaráðherra um að fresta hvalveiðum í beinu framhaldi af afdráttarlausu álit fagráðs. Þá harmaði stjórn DÍS þá ákvörðun ráðherra að heimila hvalveiðar að nýju í september á síðasta ári. Hvalur hf kvartaði til umboðsmanns Alþingis vegna frestunar veiðanna 2023 og í ítarlegu álit hans, sem birtist snemma árs 2024, komst hann að þeirri megin niðurstöðu að ráðherra hefði ekki haft nægilega skýra lagastoð fyrir tímabundnu hvalveiðibanni.

Fimm ára veiðileyfi Hvals hf rann út um síðustu áramót. Beðið er ákvörðunar nýs matvælaráðherra um umsókn Hvals um 5-10 ára leyfi til veiða á allt að 1.000 langreyðum og veiðikvóta því samfara en DÍS leggur áherslu á það í samtölum við ráðuneytið að ekki verði veitt nein ný hvalveiðileyfi.

## EFTIRLIT MEÐ VELFERÐ GÆLUDÝRA

Fyrirhugað var að leggja áherslu á að skoða stöðu eftirlits með velferð gæludýra á starfsárinu. Stjórn náði ekki að fylgja þessum áherslum eftir þar sem mestur tími fór í búfjárefirlit, blóðmerahald og hvalveiðar. Ljóst er að skoða þarf þátt lögreglunnar en í einhverjum tilfellum virðist lögregla ekki viss um sitt hlutverk þegar leitað er til hennar vegna velferðar dýra. Áætlað er að eiga fund með ríkislögreglustjóra vegna þessa á nýju starfsári.

## UMSAGNIR

Stjórn DÍS sendi frá sér fimm umsagnir um frumvörp til laga og tillögur til þingsályktunar á starfsárinu.

- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013
- Um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.
- Skýrslu um mat á þörf fyrir varnarvirki og viðbúnað vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum á Íslandi.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).
- Tillögu til þingsályktunar um bann við fiskeldi í opnum sjókvíum.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum.

Umsagnirnar má finna á vefsíðu sambandsins [www.dyravernd.is](http://www.dyravernd.is) undir : Umsagnir.



## ÖNNUR VERKEFNI Á BORDI STJÓRNAR

Stjórn DÍs átti í nokkrum bréfaskriftum við MAST vegna einstakra mála á starfsárinu. Eitt var vegna hrossa í Arnarfirði á Vestfjörðum sem voru í alvarlegum vanhöldum, vegna hestaleigu í Þorlákshöfn varðandi slæman aðbúnað hrossa og vegna meindýraeyðis sem vitjar minkagildra ekki nema á mánaðarfresti á Seltjarnarnesi.

Stjórn DÍs sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum um erlenda heimildarmynd um aflífun svína, en flest svín hér á landi eru deyfð með koltvíoxíðgasi áður en þau eru aflífud. Um er að ræða ómannúðlega aðferð við deyfingu fyrir aflífun og fór stjórn DÍs fram á að hún yrði stöðvuð og bönnuð með lögum.

Stjórn DÍs átti í bréfaskriftum við Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) á starfsárinu. Um var að ræða fyrirspurn varðandi skyldleikaræktun, eftirlit með fjölda gota á hverja tík og notkun ólöglegra hundaóla á sýningum HRFÍ. DÍs mun óska eftir frekara samtali við HRFÍ og yfirvöld vegna notkunar ólöglegra hundaóla á hundasýningum.

Stjórn DÍs birti tvær smágreinar í tímaritinu Eiðfaxa árið 2023. Sú fyrri birtist á síðasta starfsári og leggur áherslu á skort á eftirliti með velferð hesta í keppni og hin sem kom út á yfirstandandi starfsári á velferð hesta miðað við félagsaðstæður bæði úti og inni. Einnig sendi DÍs hvatningu til hesteigenda að fylgjast vel með að ástandi hrossa sinna á útigangi til að fyrirbyggja hófsperru.

DÍs sendi frá sér hvatningu til fjáreigenda að fá dýralækna til geldinga á hrútum en framkvæma ekki slíkar aðgerðir sjálfir enda ólöglegt, en DÍs hafði fengið ábendingu um slíkt og fengið staðfest frá MAST að þetta þekkist á þeim svæðum á landinu þar sem langt er í þjónustu næsta dýralæknis.

Formaður DÍs fór í viðtal í fjölmiðlum vegna umfjöllunar um ítrekaða og langa fresti til úrbóta í svínahaldi. Einnig fór formaður í viðtal varðandi magnveiðar á gæs þar sem fuglar eru skotnir í hópum þegar þeir eru að sækja í kornakra eða í fóður sem verið er að gefa þeim í þessum tilgangi. Sú nálgun við veiðar er grimm gagnvart fuglunum sem margir sleppa helsærðir burt. Jafnframt var fjallað um að verið væri að drepa friðaða fugla sem er lögbrot.

DÍs kom einnig að söfnun upplýsinga fyrir umfjöllun sjónvarpsþáttarins Kveiks varðandi meint dýraníð við flutning apakatta milli heimsálfa með millilendingu á Íslandi.

## DÝR Í NEYÐ Í GRINDAVÍK

Þegar almannavarnir rýmdu Grindavík í nóvember vegna náttúruvár sendi DÍs strax frá sér hvatningu til íbúa að muna eftir öllum dýrum bæði stórum sem smáum og áréttaði að það þyrfti að flytja öll dýr burt af svæðinu. Mikill fjöldi dýra varð eftir á svæðinu í þessari rýmingu, búfénaður og gæludýr. DÍs studdi við starf dýraverndarfélaganna Dýrfinnu, Dýrahjálpar Íslands, Kattholts, Villikatta og Villikanína og sendu öll félögin frá sér sameiginlega yfirlýsingu til yfirvalda að bjarga dýrum í neyð í Grindavík. Þessi dýraverndarfélög unnu mjög mikilvægt starf í þágu dýra og með samhentum átaki komu félögin að björgun fjölda dýra á svæðinu. Fyrir sín störf í Grindavík eiga þau mikið lof skilið. Forseti Íslands bauð sjálfboðaliðum þessara félaga heim í janúar sem var mjög ánægjulegt.

Í janúar hófst gos að nýju við Grindavík eftir að bærinn hafði verið opnaður fyrir hátíðarnar. Hundruð sauðfjár voru í sjálfheldu á svæðinu og í bænum sjálfum ásamt nokkrum gæludýrum. DÍS setti sig í samband við fjáreigendur samdægurs og yfirvöld. DÍS sendi frá sér ákall til almannavarna að bjarga dýrunum tveimur dögum síðar þar sem yfirvöld brugðust ekki við. Anna Berg Samúelsdóttir stjórnarmaður í DÍS fór í viðtal í íslenskum og erlendum fjölmiðlum vegna dýranna sem voru í sjálfheldu í Grindavík. Þau dýraverndarfélög sem áður höfðu komið að björgun dýra unnu áfram mjög mikilvægt starf í þágu dýra á þessum tíma. Björgunarsveitir unnu jafnframt gríðarlega mikilvægt starf í þágu dýra sem og sérgreinadýralæknir MAST sem fór inn á svæðið vegna björgunar dýra.

Dýr eru ekki skilgreind sérstaklega í lögum um almannavarnir heldur flokkast sem eignir. Verðmætabjörgun á svæðinu fór eftir verðmæti eigna. Í umsögn DÍS um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013 var sérstaklega bent á nauðsyn þess að skerpa á 7. gr. laganna um hjálparskyldu. Nauðsynlegt er að dýr séu skilgreind sérstaklega í lögum um almannavarnir og þeim bjargað strax og fólki hefur verið komið til bjargar.

## HÚSNÆÐI DÍS SELT

Dýraverndarsambandið keypti húsnæði á Grensásvegi 12 árið 2012. Árið 2019 var farið að þrengja að félaginu þar sem byggingin var þá orðin íbúðarhúsnæði. Félagið fékk húsnæði að Grensásvegi 8 í “makaskiptum”, metið á 28 milljónir, og 10 milljónir í millgjöf sem þá voru settar á vörslureikning.

Það var mjög íþyngjandi fyrir DÍS að reka húsnæðið og auk þess hafði félagið takmörkuð not fyrir það, þar sem ekki er fjármagn fyrir starfsmanni. Hentugra væri að leigja skrifstofurými þegar félagið hefur ráð á að hafa starfsmann. Stjórn ákvað því að setja húsnæðið á sölu.

Verðmat á eigninni fór fram og ásett verð var 32,9 milljónir. Eins og bent var á í ársskýrslu stjórnar í maí 2023 var fyrirséð að mögulega þyrfti að selja húsnæðið á lægra verði en uppsett verð vegna fyrirhugaðs kostnaðar við viðgerðir. Sætti það ekki andmælum. Byggingunni að Grensásvegi 8 hefur ekki verið viðhaldið í fjölda ára og ákvað meirihluti húseigenda viðhald upp á a.m.k. 74 milljónir króna á húsfundi í lok mars. Þar sem DÍS átti um 8% hlut í byggingunni hefði það þýtt að um að 5 milljóna króna kostnaður að lágmarki hefði lagst á sambandið. Stjórn ákvað því að taka tilboð upp á 27 millj. króna.

## FJÁRÖFLUN

Miðað við umfang verkefna félagsins er nauðsynlegt að fá félaginu starfsmann og til þess þarf að tryggja trausta fjármögnun. Á síðasta starfsári var ákveðið að fara í samstarf við Miðlun e.h.f. sem nú heitir TAKK varðandi fjáröflun og er það verkefni komið af stað. Einstaklingar geta gerst mánaðarlegir stuðningsaðilar sambandsins á vefnum [styrkja.is](http://styrkja.is) og kallast þá Dýraverndarar. Heitið er vísun í gamla tímarit félagsins, Dýraverndarinn.

## FUNDIR MEÐ STJÓRNSÝSLUNNI

Fulltrúar stjórnar DÍS átti fund með Matvælastofnun (MAST) í júní og í október með matvælaráðuneyti til að kynna niðurstöður úttektar DÍS á reynslu af eftirliti með velferð búfjár. Lögð var áhersla á að kynna tillögur um úrbætur sérstaklega.

DÍS var boðið til fundar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í nóvember vegna umfjöllunar um skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit MAST með velferð búfjár. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er að mörgu leyti samhljóma skýrslu DÍS frá síðastliðnu ári og var það rætt á fundinum ásamt öðru.

DÍS á fulltrúa í samstarfsráði MAST og sat formaður vorfund ráðsins í apríl. Þar var m.a. fjallað um viðbrögð stofnunarinnar við skýrslu ríkisendurskoðunar um eftirlit hennar með velferð búfjár.

Fulltrúar úr stjórninni áttu fund með matvælaráðuneyti þann 9. maí vegna málsins í Þverárhlíð í Borgarbyggð þar sem dýr eru í sárri neyð eins og áður hefur komið fram.

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands

Reykjavík 16. maí 2024.

Linda Karen Gunnarsd.  
Sigrún Brún  
Álfur Þórnir  
Álfur Þórnir  
Álfur Þórnir  
Álfur Þórnir  
Álfur Þórnir